


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>Félagsfræði 473 (fél 473)</b> <b>Kennsluáætlun – Vorönn 2012</b>	
Síða 1 af 4		

<b>Kennari</b>	Valgerður Dögg Jónsdóttir og Þorsteinn Krüger	<b>Sk.st.</b>	VAL og ÞOK
----------------	---	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um mannréttindi að fornu og nýju. Sagan er rakin í grófum dráttum frá klassískri fornöld til nútímans með áherslu á mannréttindabaráttu síðustu alda. Greint verður frá kenningum John Locke, John Stuart Mill og fl. og áhrif þeirra á mannréttindi og sjálfstæði einstaklinga og þjóða metin. Mannréttindabaráttan 20. aldar verður skoðuð sérstaklega. Má þar nefna stofnun Sameinuðu þjóðanna og samþykkt mannréttindayfirlýsingarinnar og þá verða mannréttindi sem birtast m.a. í stjórnaskrá okkar skoðuð með tilliti til þeirrar umræðu sem nú á sér stað um mannréttindi og meint brot á þeim gagnvart ýmsum hópum og einstaklingum á Íslandi í dag. Gerð verður grein fyrir alþjóðlegum mannréttindasamningum og sáttmálum sem Ísland á aðild að og ljósi varpað á orðræðu nútímans um mannréttindi og skort á þeim bæði hér á landi og vítt og breitt um heiminn.

### Markmið:


Að kynna fyrir nemendum upphaf og þróun lýðræðis í heiminum og fyrstu hugmyndir manna um mannréttindi.

Að nemendinn þekki vel hugtök eins og náttúruréttur, borgararéttur, lýðræði, þegnskylda og samfélagsvitund, upphaf þessara hugmynda og hvernig þær birtast okkur í nútímanum.

Að nemendinn geri sér grein fyrir helstu áföngum í mannréttindabaráttu fyrri alda og hvernig mannréttindi nútímans eiga sér rætur og fyrirmyndir í fortíðinni.

Að nemandinn þekki vel kenningar John Locke, Montesquie, Hobbes, J.S. Mill ofl. um eðli ríkisvalds, náttúrurétt og einstaklingsfrelsi.

Að nemendinn kannist vel við Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, og grundvallarmannréttindi í íslensku stjórnarskránni.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>Félagsfræði 473 (fél 473)</b> <b>Kennsluáætlun – Vorönn 2012</b>	
Síða 2 af 4		

Að nemendinn þekki helstu mannréttindafrömuði síðustu áratuga, baráttu þeirra og áhrif.


Að nemendinn verði vel heima í orðræðu samtímans um mannréttindi og mannréttindabrot vítt og breitt um heiminn.

### Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Bækur	Engin sérstök námsbók er í þessum áfanga, en nemendur þurfa að lesa sér til í ýmsum bókum sem varða efnið á bókasafni.
Tímarit	Innlend sem erlend tímarit sem fjalla um efnið.
Myndbönd	Myndbönd sem fjalla um mannréttindamál.
Ljósrit (afhent)	Ljósrituð hefti og ýmis önnur gögn sem kennari afhendir.
Annað	Heimildir á veraldarvefnum .

### Áætlun um yfirferð:


Vika	Námsefni	Verkefni
1. vika	Kynning á áfangnum.	
2. vika	Uppruni lýðræðis og tilgangur . Fyrstu hugmyndir um mannréttindi, stóuspekin, Rómverjar og borgararétturinn.	Mannréttindavaktin. Verkefnið kynnt og vikum deilt niður á nemendur. Fyrirlestrarefni kynnt
3. vika	Um eðli ríkisvalds, Locke, Montesquie, Hobbes, Paine.	
4. - 5. vika	Mannréttindayfirlýsingar, Frakkland, stofnun BNA, stjórnarskrár og frelsisbarátta 19. aldar.  Nemendur flytja fyrirlestra 23. janúar – 3. febrúar.	Ritgerðarefni kynnt

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>Félagsfræði 473 (fél 473)</b> <b>Kennsluáætlun – Vorönn 2012</b>	
Síða 3 af 4		

6. - 7. vika	Kenningar um frelsið, J.S. Mill. Mannréttindaskýrsla. Verkefnið kynnt og nem. byrja að vinna það, m.a. með vettvangsheimsóknum.	
8. - 9. vika	Sameinuðu þjóðirnar, Mannréttindayfirlýsing S.þ.	Málþing með Upp 203
10. vika	Evrópusambandið, Mannréttindadómstóll Evrópu.	
11. - 13. vika	Stjórnarskrá Íslands, mannréttindakafliinn, brot á mannréttindum, ný og gömul dómsmál skoðuð.	Skilaverkefni Mannréttindaskýrslu skilað
14. vika	Páskafri.	
15. vika	Mannréttindasáttmálar sem Ísland á aðild að.	Ritgerð skilað
16. - 17. vika	Mannréttindabarátta einstaklinga og ýmissa samtaka.	
	Mannréttindavaktin dreifist á alla önnina.	

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi %
Fyrirlestur	Glærufyrirlestur á völdu efni, tveir nem. saman.	10
Ritgerð	Heimildaritgerð, 6 til 8 bls. í meginmál. Skiladagur er <b>mánudagur 16. apríl.</b>	30
Skilaverkefni	Eitt stutt skilaverkefni.	10
Skýrsla	Vettvangsrannsókn, skýrsla skilað, u.þ.b. 3 til 4 bls. <b>Skiladagur er föstudagur 6. apríl.</b>	20
Mannréttindavaktin	Nemendur gera grein fyrir fréttum vikunnar um mannréttindamál	10
Málþing	Málþing um mannréttindi með upp 203 <b>Föstudagur 2. mars kl. 13:00</b>	10
Virgni, undirbúningur og mætingar	Ath. að skila verkefnum á réttum tíma. Einkunn lækkar ef skilað er of seint og ekki er tekið við þeim þegar vika er liðin frá auglýstum skiladegi	10

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>Félagsfræði 473 (fél 473)</b> <b>Kennsluáætlun – Vorönn 2012</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 4 af 4		

## Námstilhögun

Athugið að þetta er símatsáfangi og þar af leiðandi er ekkert lokapróf. Áfanginn byggir á fyrirlestrum nemenda og kennara og mikilli verkefnavinnu innan og utan kennslustunda, því verður að gera kröfu um öguð og sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma. Þess vegna er gerð krafa um lágmarkstímasókn allra nemenda, eða 90% til að standast áfangann.

Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar, jafnframt með frómum óskum um gott samstarf og gengi.

Valgerður Dögg Jónsdóttir (VAL)

Netfang: vala@vma.is

Þorsteinn Krüger (ÞOK)

Netfang: kruger@vma.is

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils